

Umhverfisstefna Umhverfisstofnunar

Framtíðarsýn Umhverfisstofnunar er að landsmenn búi við heilnæm lífsskilyrði, hreint umhverfi, ómengað matvæli, hættulausa efna- og nauðsynjavöru, fái að njóta þess sem er sérstakt eða sögulegt í náttúrunni og að íslensk náttúra þróist eftir föngum samkvæmt eigin lögmálum. Umhverfisstofnun vill vera leiðandi afl í að knýja á um og samþætta nauðsynlegar aðgerðir landsmanna í umhverfis- og matvælamálum til að ná settu marki. Því leggur Umhverfisstofnun áherslu á að hafa sjónarmið umhverfisverndar sem leiðarljós í rekstri og stjórnun stofnunarinnar. Mikilvægur þáttur í virkri umhverfisstefnu er þátttaka allra starfsmanna.

Markmið umhverfisstefnu Umhverfisstofnunar:

- Minnka orkunotkun
- Umhverfisvæn viðskipti
- Minnka myndun úrgangs – auka endurvinnslu
- Umhverfisvænar samgöngur, fundir og flutningar

Leiðir til að ná markmiðum umhverfisstefnunnar:

A. Minnka orkunotkun

- Að gengið sé úr skugga um í lok hvers starfsdags að slökkt hafi verið á öllum ljósritunarvélum, prenturum og öðrum tækjum.

B. Umhverfisvæn viðskipti

UST stundar umhverfisvæn viðskipti að því marki sem slíkt er gerlegt með hliðsjón af gæðum og kostnaði. Með það að viðmiði leitast UST við:

- Að keyptar verði umhverfismerktaðar vörur; pappír, prenthylki, hreingerningarvörur ofl.
- Að forðast sé að keyptar verði vörur sem unnar eru úr efniviði sjaldgæfra tegunda.
- Að forðast sé að nota vörur sem innihalda lífræn leysiefni, þar sem þau eru skaðleg umhverfi og heilsu manna.
- Að keypt verði orkusparandi tæki.

C. Minnka myndun úrgangs.

- Að ljósritað verði báðum megin á pappír eins og hægt er, og að endurnota pappír sem eingöngu er búið að prenta á öðrum megin.
- Að dregið verði úr notkun hreingerningaefna eins og kostur er.
- Að öllum endurvinnanlegum pappír sé safnað saman og hann sendur í endurvinnslu.
- Að pappa sé safnað saman og hann sendur í endurvinnslu.
- Að ónýtum rafhlöðum sé safnað saman, og þær sendar í spilliefnamóttöku.
- Að öllum dósnum og endurvinnanlegum drykkjarumbúðum sem til falla í stofnuninni sé safnað saman í poka og þær sendar til endurvinnslu.

D. Umhverfisvænar samgöngur, fundir og flutningar

- Að stuðla að umhverfisvænum samgöngum t.d. með hvatningu á samnýtingu bíla og hvatningu til hjólréiða- og göngumanna.

- Að auka fjölda símafunda og efla notkun fjarfundarbúnaðar í starfsemi UST.

Árangursmat – umhverfisvísar

Árangur þarf að vera sýnilegur og metanlegur í formi umhverfisvísa.

Mögulegir umhverfisvísar eru eftirfarandi:

- Heildarnotkun á rafmagni UST í kwh, notkun kwh/starfsmann eða deild.
- Innkaup á umhverfismerktri vöru, innkaup vara sem ekki innihalda leysiefni.
- Mat á heildarnotkun ýmissa efna og skrifstofutækja.
- Kannanir á samnýtingu, hvatning til að ganga eða hjóla í vinnuna.